

27

20. apríl

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt til Siglufjarðarkaupstaðar.**

1. gr.

Fasteignaskatt skal greiða í bæjarsjóð af öllum fasteignum á löggiltri verzlunarlóð Siglufjarðar eftir þeim reglum, er hér fara á eftir.

2. gr.

- a) Af venjulegum íbúðarhúsum með lóðum, túnnum og görðum 0,4%.
- b) Af húsum, sem notuð eru bæði fyrir íbúð og verzlun 0,7%.
- c) Af sildarsöltunarstöðvum, öðrum húsum en þeim, sem um getur í a- og b-lið og öðrum mannvirkjum 1%.
- d) Af öðrum lóðum 2%.

3. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti eru þær fasteignir, sem um ræðir í 4. gr. laga nr. 69 31. desember 1937.

4. gr.

Skatt þenna skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatverðs, en brotum úr hundruðum skal sleppt.

5. gr.

Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert, og falla dráttarvextir á samkv. lögum nr. 69 1937.

Skatt þenna má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 31. desember 1937 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. apríl 1938.

Skúli Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

28

25. apríl **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Sængurkonusjóð Þórunnar Á. Björnsdóttur, ljósmóður“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 25. apríl 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sængurkonusjóð Þórunnar Á. Björnsdóttur, ljósmóður.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Þórunni Á. Björnsdóttur, ljósmóður, Bókhöðustíg 11, Reykjavík, í tilefni af 50 ára ljósmóðurafmæli hennar 12. des. 1932, samkvæmt gjafabréfi dags. 24. júlí 1934.

2. gr.

28

Sjóðurinn heitir „Sængurkonusjóður Þórunnar Á. Björnsdóttur, ljósmóður“. 25. apríl

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 15000 kr. í peningum og upplag og útgáfuréttur bókarinnar „Nokkrar sjúkrasögur“.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands eða í verðbréfum, er kunna að koma í stað veðdeildarbréfanna, ef veðdeildinni kann að verða breytt, þó skulu það aðeins vera 1. veðréttarbréf, tryggð í fasteignum.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Leggja skal alla vexti við höfuðstólinn þar til hann er orðinn kr. 20000.00. Eftir að höfuðstóllinn hefir náð þeirri upphæð, má nota hálfu vexti til úthlutunar árlega. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur — má úthluta úr honum $\frac{3}{4}$ — þrem fjórðu — hlutum ársvaxtanna. Ekki má úthluta öllum vöxtum fyrir en sjóðurinn er orðinn kr. 100000.00 — eitt hundrað þúsund krónur —.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að létta fátækum konum í Reykjavík sængurleguna í fæðingarardeild Landsspítalans. Styrksins geta orðið aðnjótandi giftar og ógiftar barnshafandi konur, þó því aðeins að þær standi ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, er veittur hefir verið á síðustu 3 — þremur — árum frá því að leitað er styrks úr sængurlegusjóðnum.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu sendar stjórn sjóðsins skriflegar.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum, héraðslækninum í Reykjavík, eða þeim embættismanni, er kemur í hans stað, ef breyting verður gerð á embættaskipaninni, forstöðukonu Kvennaskólans í Reykjavík og skrifstofustjóra þeirrar deildar Stjórnarráðs Íslands, er lækna- og heilbrigðismál heyra undir.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórninni ber ennfremur að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur og gjöld hans og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

9. gr.

Stjórn sjóðsins ber að varðveita verðbréf sjóðsins, bækur hans og önnur skilríki á tryggum og eldtraustum stað.

10. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið og skal reikningur gerður síðast í marzmánuði ár hvert.

11. gr.

Ársreikning sjóðsins skal birta í Lögbirtingablaðinu.

28
25. apríl

12. gr.
Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

13. gr.
Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

29
26. apríl

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð handa ekkjum og munaðarleysingjum í Svalbarðsstrandarhreppi“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 26. apríl 1938.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð handa ekkjum og munaðarleysingjum
í Svalbarðsstrandarhreppi.

1. gr.
Sjóðurinn er stofnaður með frjálsum samskotum. Stofnfé kr. 250.00.

2. gr.
Tilgangur sjóðsins er að styrkja fyrst og fremst ekkjur og börn þeirra manna, er farast af slysum eða á annan svíplegan hátt og lítil eða engin efni hafa átt til framdráttar sér og sínum, enda megi á þennan hátt forða hlutaðeigendum frá sveitarframfærslu.

3. gr.
Tilgangi sjóðsins skal ná á þennan stað:

- Með því að gefa út minningarþöld og hafa þau ætíð til sölu á hentugum stað (t. d. símastöðinni).
- Með því að halda 1 eða 2 arðberandi samkomur á hverju ári.
- Með því að fá karla og konur í sveitinni til þess að greiða árgjöld í sjóðinn.
- Með því að sveitarsjóður leggi sjóðnum árlega fé, eftir ákvörðun og samþykkt almenns sveitarfundar (1. fundi ársins).

4. gr.
Af árlegum tekjum sjóðsins má verja $\frac{1}{2}$ til styrktar samkv. 2. gr., en $\frac{1}{5}$ leggist við höfuðstólinn, ásamt ársvöxtum, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 10000.00. Eftir það má verja til styrktar öllum árstekjunum og $\frac{3}{4}$ hlutum vaxtanna, en $\frac{1}{4}$ hluti leggist árlega við höfuðstólinn.

Nú álitur stjórn sjóðsins ekki þörf á að veita styrk úr sjóðnum eitthvert ár og leggjast þá allar tekjurnar og vextirnir við höfuðstólinn það sinn

5. gr.
Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skal hreppsnefnd kjósa 1 mann, almennur sveitarfundur annan, en sýslunefnd skipi þriðja manninn, og skal hann vera formaður sjóðsstjórnar.

Kosning stjórnar gildi til þriggja ára. Endurskoðun reikninga sjóðsins skal hinn árlegi endurskoðandi sveitarsjóðsreikninga annast.